

AUGLÝSING

um endurgreiðsluhlutfall söluskatts fiskvinnslufyrirtækja.

Með vísan til ákvæða fjárlaga fyrir árið 1988 og 1. gr. laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, hefir sjávarútvegsráðuneytið ákveðið eftirfarandi hlutfall endurgreiðslu af aðföngum fiskvinnslu, sem miðað er við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu. Gildir það um útflutning frá og með ágúst 1988 til og með nóvember 1988.

1. Frysting	3.0%
2. Rækjuvinnsla	3.5%
3. Hörpudiskvinnsla	5.5%
4. Síldarsöltun	1.5%
5. Söltun	1.5%
6. Hersla	2.0%
7. Mjöl- og lýsisvinnsla	2.5%
8. Lifrarlýsi	2.5%

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. september 1988.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 23. október 1988 til og með 29. október 1988, eru allar fiskveiðar bannaðar á bátum minni en 10 brl., sem ekki hafa sérstök botnveiðileyfi skv. 5. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990. Veiðibann þetta tekur ekki til báta, minni en 10 brl., sem fengið hafa veiðileyfi með aflahámarki skv. 2. mgr. B. liðar C. lið og D. lið 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. september 1988.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.